


# Líftbúðir í Breiðagerðisskóla

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



**Október 2010**



skóli: **Breiðagerðisskóli**

verkefni: **Listbúðir**

verkefnisstjóri: **Kristín Einarsdóttir**

### **Markmið verkefnisins :**

að innleiða vinnuaðferðir frá hugmynd til sköpunar með ungum börnum

- æfa þrívíddarhugsun

– þroska rýmistilfinningu

– leyfa efniviðnum að leiða þau áfram

– efla sjálfstæð vinnubrögð og vinnutækni

–hugsa rými í mismunandi aðstæðum s.s á himni, á jörð, neðan jarðar, undir yfirborði vatns á vatni osfr.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðunum

- Innlögn hugmynda í í smærri hópum
- Einstaklingsvinna
- Samvinna
- Hópvinna
- Spyrja spurninga
- Leita lausna



### Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefninu

Nemendur gátu unnið samfelld alla vikuna að verkefninu. Allir tóku þátt á eigin forsendum. Þau sáu hugmynd sína verða að veruleika og við það urðu þau sjálfstæðari og hugmyndaþríkari. Eftirtektarvert var að fylgjast með því, hve létt það reyndist nemendum að breyta einstaklingsvinnu, í hópvinna og loks í samvinnu. Samskiptin og samvinnan breyttust fljótt í leik. Leikirnir í umhverfinu sem þau höfðu sjálf skapað entust þeim dagana á eftir. Í sögugerð komu hugmyndirnar úr verkefninu. Mælingar voru gerðar á hífýlum samfélagsins og samgönguleiðum.

### Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Listbúðaverkefnið er eitt form af mörgum sem hægt er að nota í þemavinnu og reynslan af því og hvernig skapandi þátturinn er virkjaður hefur áhrif á skólastarfið. Nemendur sem tóku þátt í verkefninu búa að þeirri reynslu að hafa unnið með byggingalist út frá eigin hugmynd. Þeir nemendur sem nú koma í myndmenntatíma og tóku þátt í verkefninu, taka vel við sér þegar þeir eru beðnir um að skapa og nota hugmyndaflugið.

## Niðurstöður verkefnisins

Listbúðaverkefnið var unnið með einn árgang í samvinnu myndmenntakennara og tveggja umsjónakennara árgangsins alla vikuna. Það gafst mjög vel og skapaði aukinn samstarfsvettvang kennara. Með Listbúðaverkefninu vorum við að innleiða vinnuaðferðir frá hugmynd til sköpunar með börnunum. Áður en verkið hófst var sendur póstur til foreldra og verkefnið kynnt. Foreldrar komu og fylgdust með upphafinu um leið og námsefniskynning fór fram. Í lok verkefnisins var foreldrum boðið að koma og sjá afrakstur, hlusta á börnin segja frá og þiggja smá veitingar, mæting var mjög góð. Yngri árgöngum skólans var einnig boðið að koma og skoða afraksturinn í fylgd kennara sinna. Jákvæð viðbrögð annara kennara og ánægja þeirra sem að komu mun hafa áhrif á áframhald samskonar vinnu í skólanum.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Á meðan á verkefnavinnunni stóð voru teknar myndir sem fóru á heimasíðu skólans og eru geymdar á myndasvæði 3. bekkjar, þær og vídeómyndir verða notaðar við kynningu fyrir kennara í skólanum. Sjálfsmatskönnun var gerð meðal nemenda um ánægju þeirra með verkefnið. Með því mældist umtalsverð ánægja. Samkvæmt sjálfsmatinu fannst nemendum erfitt að hugsa upp, eða finna upp dýrið sem staðurinn og bústaðurinn voru byggð fyrir, einnig fannst flestum betra að vinna ein en í hópvinnu. Verkefni eins og Listbúðir þjálfa nemendur í skapandi hugsun og samvinnu.